



LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS
ICELANDIC MEDICAL ASSOCIATION

Alþingi
Erindi nr. P 139/2897
komudagur 8.6.2011

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Kópavogi, 8. júní 2011.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, nr. 55/1980, með síðari breytingum, 639. mál, þingmannafrumvarp.

Stjórn Læknafélags Íslands (LÍ) þakkar fyrir að hafa borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, nr. 55/1980, með síðari breytingum, 639. mál á 139. löggjafarþingi, sbr. tölvubréf nefndasviðs Alþingis dags. 6. júní sl.

Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að með frumvarpinu eigi að lögfesta reglu um hámarkslaun forsvarsmanna verkalýðsfélaga og hagsmunasamtaka launafólks þannig að þau geti aldrei orðið hærri en sem nemur þreföldum lágmarkskjörum í því stéttarfélagi eða hagsmunasamtökum sem hann veitir forstöðu, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 55/1980.

LÍ er mótfallið þeirri breytingu sem í frumvarpinu felst og telur hana fela í sér inngrip í frjálsan samningsrétt. Forsvarsmenn verkalýðsfélaga og hagsmunasamtaka launafólks skammta sér ekki sjálfir laun heldur semja um þau við stjórnir hlutaðeigandi verkalýðsfélaga og hagsmunasamtaka. Réttilega er á það bent í greinargerð að samningsfrelsi sé grundvallarregla í íslenskum rétti. Óskiljanlegt er hvaða þörf er á því að lögfesta reglu af því tagi sem fram kemur í frumvarpinu.

LÍ leggur til að frumvarp þetta fái ekki brautargengi á Alþingi.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Læknafélags Íslands

Birna Jónsdóttir,
formaður.